

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

---

***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að nýta smáhýsi fyrir starfsemi dagforeldra***

Til að efla og styðja við nýliðun dagforeldrakerfisins er lagt til að óskað verði eftir því við eignaskrifstofu að skoðaðir verði möguleikar á því að nýta smáhýsi í eigu borgarinnar sem staðið hafa ónotuð á geymslusvæði í nokkur ár. Þessi smáhýsi eru af þeirri stærðargráðu sem gætu nýst vel fyrir dagforeldra og þeim mætti koma fyrir á heppilegum stöðum í borgarlandinu.